

Skólanámskrá

2025-2026



II. hluti

Nám og kennsla

6. bekkur



ALLIR MEÐ



MÉR LÍÐUR VEL



OPNUM HUGANN



SKÖPUNARGLEÐI



VIÐ OG JÖRDIN

Umsjónarkennarar:

Ari Lár Valsson

Elínborg Herbertsdóttir

Efnisyfirlit

Bakgrunnsupplýsingar	3
Aðrir kennarar	3
Viðmiðunarstundaskrá	3
Skimanir	3
Námsmat	4
Virðing, öryggi og jafnrétti – fræðsla og forvarnir.....	5
LYKILHÆFNI.....	6
ÍSLENSKA	8
STÆRÐFRÆÐI	10
ENSKA.....	13
NÁTTÚRUGREINAR	15
SAMFÉLAGSGREINAR	18
UPPLÝSINGA- OG TÆKNIMENNT	21
ÍÞRÓTTIR.....	23
SKÓLASUND	25
LISTGREINAR - SJÓNLISTIR.....	27
VERKGREINAR - HEIMILISFRÆÐI.....	29
VERKGREINAR – HÖNNUN OG SMÍÐI.....	31
VERKGREINAR - TEXTÍLMENNT.....	33

Bakgrunnsupplýsingar

Umsjónarkennarar 6. bekkjar eru Ari Lár Valsson og Elínborg Herbertsdóttir. Stuðningsfulltrúi í bekk er Elvar Snær Guðjónsson og stuðningsfulltrúi í Sælureit og í bekk er Jóhanna Árnadóttir. Nemendur eru 43 talsins og fá alls 35 kennslustundir á viku.

Aðrir kennarar

- Íþróttir - Einar G. Einarsson og Bjarki Már Árnason
- Sund - Bergþór Magnússon og Einar G. Einarsson
- List- og verkgreinar – Erla Dröfn Vilbergsdóttir, Íris Dögg Steinsdóttir, Jana María Guðmundsdóttir og Thelma Björk Jóhannesdóttir
- Enska í 6. EH – Eyrún Harpa Eyjólfsdóttir
- Upplýsingamennt – Ingibjörg Jóhannsdóttir og Marteinn Einarsson
- Kennsla í Sælureit – Salbjörg Júlía Þorsteinsdóttir

Viðmiðunarstundaskrá

- Íslenska – 7 kennslustundir
- Stærðfræði – 6 kennslustundir
- Enska – 3 kennslustundir
- Íþróttir og sund – 3 kennslustundir
- List- og verkgreinar – 4 kennslustundir
- Holtapeytingur, samfélags- og náttúrufræði – 9 kennslustundir
- Upplýsinga- og tæknimennt – 2 kennslustundir
- Umsjón – 1 kennslustund

Skimanir

- Orðarún er lögð fyrir í nóvember og apríl.
- Lesfimi er lögð fyrir í september, janúar og maí.
- Talnalína er lögð fyrir á bilinu nóvember til janúar

Miðstöð menntunar og skólaþróunar gefur út viðmið í lesfimi og hér má sjá viðmið sem sett eru fyrir lok 6. bekkjar:

Viðmið	Orðafjöldi við lok 6. bekkjar	Mat:
Viðmið 3	175 orð eða meira á mínútu	Framúrskarandi
Viðmið 2	155 – 174 orð á mínútu	Hæfni náð
Viðmið 1	105 – 154 orð á mínútu	Á góðri leið
Undir viðmiði	0 – 104 orð á mínútu	Þarfnast þjálfunar

- Viðmið Menntamálastofnunar um orðafjölda í lok 6. bekkjar eru:

Viðmið 1 – 90% nemenda	Viðmið 2 – 50% nemenda	Viðmið 3 – 25% nemenda
105 orð á mínútu	155 orð á mínútu	175 orð á mínútu

Námsmat

Námsmat fer fram með símati yfir skólaárið sem tekur mið af hæfniviðmiðum Aðalnámskrá grunnskóla í öllum greinum. Til þess að meta hvert hæfniviðmið er notast við bókstafina hér til hliðar.

A = Framúrskarandi ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu sem er meiri en ætlast er til af árganginum t.d. leyst öll erfiðustu dæmin á prófi eða unnið verkefni framúrskarandi vel.

B+ = Mjög góð hæfni ef nemandi sýnir örugg og góð tök á hæfniviðmiði árgangsins t.d. mjög vel unnið verkefni eða erfiðari atriði leyst á prófi.

B = Hæfni náð ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði árgangsins t.d. náð öllum grunnatriðum rétt á prófi eða unnið verkefni vel út frá þeirri verkefnalýsingu eða matsramma sem liggur til grundvallar.

C+ = Á góðri leið ef nemandi þarf bara aðeins meiri vinnu með hæfniviðmiðið til þess að ná því t.d. ef eitthvað vantaði upp á að verkefni væri vel unnið eða ekki öllum grunnspurningum svarað rétt á prófi.

C = Þarfnast þjálfunar ef nemandi þarfnast töluvert meiri þjálfunar til að ná hæfniviðmiði t.d. hálfklárað eða óvandað verkefni, eða að nemandi náði fáum grunnatriðum rétt á prófi og þarfnast endurtekningu á námsefninu áður en farið er á næsta stig tengt því.

D = Hæfni ekki náð ef nemandi vann með ákveðið hæfniviðmið en náði ekki tökum á því. Nemendur sem ná ekki hæfniviðmiðum endurtekið þarfnast oft einhverra úrræða og endurtekningu á námsefninu áður en þeir fara á næsta stig tengt því.

L = Lokið ef nemendur fengu þjálfun í hæfniviðmiði en ekki var gefin einstaklingseinkunn t.d. þegar nemendur fá kynningu eða það eru bekkjarumræður um ákveðið efni en engin athugun er gerð á því hvort nemendur hafi tileinkað sér hæfnina og því engin einkunn gefin.


Ó = Ólokið ef nemandi tók ekki þátt í eða náði ekki að ljúka við verkefni eða próf t.d. vegna fjarvista. Ef nemandi missir af prófi eða skilar ekki inn verkefni er yfirleitt hægt að semja við kennara um lengri skilafrest eða sjúkrapróf innan ákveðinna tímamarka (oftast tvær vikur). Ef námsmatsverkefni er enn ólokið telst nemandi ekki hafa náð hæfninni sem um ræðir.

Frekari upplýsingar um námsmat í Holtaskóla má finna [hér](#) í bæklingi á heimasíðu skólans.

A	Framúrskarandi
B+	Mjög góð hæfni
B	Góð hæfni
C+	Á góðri leið
C	Þarfnast þjálfunar
D	Hæfni ekki náð
L	Lokið
Ó	Ólokið

Matsferill

Til þess að fylgjast með þroska og námsframvindu barna þarf fjölbreytt matstæki. Matsferill inniheldur þessi matstæki og aflar upplýsinga um stöðu og framfarir nemenda á mörgum sviðum, eins og til dæmis málþroska, lesfimi, stærðfræði og lesskilningi. Niðurstöður Matsferils auðvelda starfsfólki skóla að mæta hverju barni þar sem það er statt hverju sinni, með kennslu og námsgögnum við hæfi. Matstækið er hugsað sem viðbót við hefðbundið námsmat og gerir kennurum kleift að fylgjast betur með framvindu nemenda, greina styrkleika og veikleika og bregðast fyrr við ef þörf er á stuðningi. Matsferill styður þannig við gagnreynda kennslu og ákvarðanir um kennsluhætti og úrræði sem nýtast nemendum best. Í Holtaskóla er Matsferill lagður fyrir nemendur í 4.-10. bekk á vorönn.



Virðing, öryggi og jafnrétti – fræðsla og forvarnir

Forvarnir og fræðsla fer fram í öllum árgöngum og er unnin upp úr skýrslu UNESCO, International technical guidance on sexuality education. Unnið er með áherslur UNESCO á hverju aldursári og farið meira á dýptina eftir því sem nemendur eldast.

Áherslur 6. bekkjar eru heilsufar og sjúkdómar, ég og sjálfsmyndin, ofbeldi og birtingarmynd ofbeldis, mörkin okkar, umburðarlyndi og virðing, örugg notkun upplýsinga og kynbundið ofbeldi.

LYKILHÆFNI

Menntagildi: Á miðstigi þroskast lykilhæfni nemenda með fjölbreyttum áskorunum í námi og samskiptum. Þeir læra að sýna frumkvæði, afla sér upplýsinga og vinna með þeim á ábyrgan hátt. Þeir fá æfingu í að vinna sjálfstætt og í hópi, sýna tillitssemi, hlusta á ólík sjónarmið og leggja sitt af mörkum til samvinnu. Nemendur læra að halda áfram þótt þeim finnist verkefni erfið, sýna þrautseigju og taka ábyrgð á eigin vinnubrögðum. Þeir efla einnig færni sína í að tjá sig skýrt og skapa áhuga með framsetningu hugmynda.

Kennarar: Ari Lár Valsson og Elínborg Herbertsdóttir

Þáttur:	Hæfniviðmið í lykilhæfni:
Tjáning og miðlun	Tjáning: Tjáir hugmyndir og tilfinningar á skýran hátt. Tillitssemi: Bregst við upplýsingum, hlustar, tekur þátt í umræðum og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða. Samskipti: Ræðir um viðfangsefni þannig að áhugi viðmælanda sé vakinn. Orðaforði: Eykur orðaforða sinn og beitir honum á ólík umfjöllunarefni. Miðlun: Nýtir ólíka miðla til að koma hugmyndum sínum á framfæri.
Skapandi og gagnrýnin hugsun	Spyrjandi hugarfar: Spyr fjölbreyttra spurninga og nýtir þær til rannsókna á fjölbreyttum fyrirbærum. Sköpun: Vinnur fjölbreytt verkefni á skapandi hátt. Lært af mistökum: Lærir af mistökum og sér möguleika til framfara. Rökræða: Færir rök fyrir ólíkum skoðunum. Ályktun: Tekur upplýsta afstöðu til gagna og upplýsinga og dregið eigin ályktanir. Gagnrýnin hugsun: Bendir á ólík sjónarhorn og tekið rökstudda afstöðu í málum af fjölbreyttu tagi.
Sjálfstæði og samvinna	Sjálfstæði: Sýnir frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum. Samvinna: Vinnur með öðrum og leggur sitt af mörkum í samstarfi. Samstarf: Gerir sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi og leggur sitt af mörkum. Ábyrgð: Tekur ákvarðanir um eigið nám og hagsmuni með tilliti til annarra. Leiðsögn: Nýtir sér leiðsögn og endurgjöf til að ná námsmarkmiðum.
Nýting miðla og upplýsinga	Áreiðanleiki: Áttar sig á hvert á að leita til að afla áreiðanlegra upplýsinga og miðlar þeim áfram á réttan og ábyrgan hátt. Upplýsingaöflun og miðlanotkun: Nýtir fjölbreytta miðla til upplýsingaöflunar og tekur upplýsta afstöðu til áreiðanleika þeirra. Vandvirkni og nákvæmni: Skilur að framsetning og gæði upplýsinga er háð mörgum þáttum og þekkt mikilvægi þess að vanda val og notkun á heimildum.

Ábyrgð og mat á eigin námi	Sjálfspækking: Setur sér markmið á grunni persónulegra styrkleika og tileinkað sér hugarfar vaxtar. Markmiðasetning: Setur sér persónuleg og námsleg markmið, ígrundað árangur og mistök. Ígrundun: Metur nám sitt skipulega og setur sér markmið um viðfangsefni eða hæfni. Árangur og sjálfspækking: Skilur viðmið um árangur og vinnur að þeim. Náms- og starfsfræðsla: Tengir eigin áhuga fjölbreyttum námsleiðum og störfum.
----------------------------	---

Kennsluhættir

- Lykilhæfnipjálfun er fléttuð inn í öll fög og allt skólastarf.
- Lykilhæfniviðmið eru metin sem hluti af ýmiskonar verkefnavinnu í tímum.
- Umsjónarkennarar meta lykilhæfniviðmið inn í sér lykilhæfni námskrá á mentor á meðan íþrótta, list- og verkgreinakennarar meta valin lykilhæfniviðmið sem sér kafla neðst í sinni faggreina-námskrá á mentor.

ÍSLENSKA

Menntagildi: Á miðstigi styrkja nemendur færni sína í lestri, ritun og tjáningu. Þeir lesa fjölbreytta texta, ræða efni þeirra og læra að taka afstöðu og skýra hugsun sína í ræðu og riti. Með því að vinna með tungumálið á gagnrýninn hátt læra nemendur að greina upplýsingar, þróa eigin rödd og taka þátt í umræðu á meðvitaðan hátt. Þeir fá einnig dýpri skilning á íslensku sem menningarlegu fyrirbæri, og á mikilvægi þess að viðhalda og virða eigin tungumál og menningu.

Kennarar: Ari Lár Valsson & Elínborg Herbertsdóttir

Þáttur:	Hæfniviðmið í íslensku:
Talað mál, hlustun og áhorf	Framsögn: Flytur mál sitt skýrt og áheyrilega og gerir sér grein fyrir undirstöðuatriðum góðrar framsagnar. Tjáning: Segir frá hugmyndum sínum, skoðunum, þekkingu og reynslu í umræðum og kynningum. Hlustun og áhorf: Horfir og hlustar af athygli á fjölbreytt efni, sýnir fram á skilning og getur greint frá aðalatriðum.
Lestur og lesskilningur	Lesfimi: Les texta upphátt af öryggi og með tjáningu sem sýnir skilning á merkingu hans. Lestraraðferðir: Beitir viðeigandi lestraraðferðum eftir tilgangi og viðfangsefni textans. Orðaforði: Notar samhengi í texta, orðaforða og fyrri þekkingu til að ráða í merkingu ókunnra orða og orðasambanda. Lesskilningur: Les fjölbreytta texta sér til skilnings, getur greint aðalatriði, dregið ályktanir og svarað spurningum tengt innihaldi og merkingu þeirra. Lestrarmenning - yndislestur: Velur fjölbreytt lesefni og les sér til gagns og ánægju. Lestrarmenning - umfjöllun: Vinnur samantektir og verkefni út frá lesnum bókum og miðlar áhuga sínum og skoðunum til annarra.
Bókmenntir	Lestur og túlkun bókmennta: Les ýmsar bókmenntir og vinnur með efni þeirra á fjölbreyttan hátt. Bókmenntagreining: Beitir grunnhugtökum í bókmenntafræði við umfjöllun um fjölbreyttar bókmenntir. Bókmenntaarfurinn: Les texta frá fyrri tímum, tengir þá við sögulegt samhengi og túlkar innihald þeirra. Ljóð: Lærir ljóð og lagatexta. Einkenni ljóða: Notar einföld bókmennta- og bragfræðihugtök til að greina einkenni og innihald ljóða. Ljóðagerð: Semur eigin ljóð út frá reglum bragfræðinnar.
Ritun	Skrift: Skrifar skýrt og læsilega. Vélrítun: Beitir réttri fingrasetningu og vérlitar á skilvirkan hátt með vaxandi hraða. Frágangur: Gengur frá texta samkvæmt fyrirmælum. Uppbygging texta: Skrifar texta þar sem málsgreinar eru fjölbreyttar og texta er skipt upp í efnisgreinar. Textategundir og málnotkun: Skrifar fjölbreyttar gerðir af texta með viðeigandi skipulagi og málsmiði svo sem frétt, þjóðsögu, bréf, leikrit eða dagbókarfærslu.

	Tjáning í texta: Tjáir hugmyndir sínar, reynslu og sköpun í texta, metur, endurskrifar og lagfærir. Stafsetning og greinarmerkjasetning: Beitir helstu stafsetningar- og greinarmerkisreglum og nýtir hjálpargögn við ritun.
Mál og málnotkun	Einkenni málsins: Beitir málfræðipækkingu sinni í umræðu um ýmis einkenni íslenska málsins og málnotkun sína. Fjölbreytt málnotkun: Notar fjölbreyttan orðaforða og málsmið í ræðu og riti. Sköpunarkraftur: Nýtir orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notar þau í texta. Orðtök og málshættir: Skilur og notar algeng orðtök og málshætti í töluðu og rituðu máli. Nafnorð: Flokkar nafnorð í sérnöfn og samnöfn, fallbeygir þau og bætir við greini. Lýsingarorð: Fallbeygir og stigbreytir lýsingarorð. Fallorð: Finnur fall, tölu og kyn nafnorða, lýsingarorða og töluorða. Sagnorð: Getur fundið nafnhátt, tölu og tíð sagnorða. Orðflokkagreining: Greinir nafnorð, lýsingarorð, töluorð og sagnorð í texta. Gögn og hjálpartæki: Nýtir orðabækur og önnur hjálpargögn til að leita upplýsinga um tungumálið.

Kennsluhættir

Í íslenskunámi í 6. bekk er lögð aukin áhersla á að nemendur sýni sjálfstæði og beri ábyrgð á eigin námi. Kennslan er lotuskipt og að hluta samþætt við aðrar námsgreinar. Í upphafi hverrar lotu fá nemendur yfirlit yfir markmið og skipulag. Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti, jákvæða agastefnu (PBS) og leiðsagnarnám. Mikil áhersla lögð á að nemendur öðlist aukið sjálfstæði, góð vinnubrögð, skipulag og læri að bera ábyrgð á eigin námi.

Helstu verkefni skólaársins

Unnið með ýmsar textagerðir, sögugerð, heimildatexta og rökfærslutexta. Í bókmenntum verður bókin *Benjamín dúfa* lesin og hún unnin út frá túlkun og skilningi, bókmenntahugtökum, sögulegu samhengi og notkun málsins. Tengiskrift þjálfuð í þeim vinnubókum sem unnið er í ásamt villulausum æfingum þar sem lögð er áhersla á stafsetningu og reglum sem þeim fylgja. Vélritun er þjálfuð reglulega í gegnum *Stoðkennarann*. Í málfræði sýna nemendur fram á þekkingu í nafnorðum og leggja áherslu á að læra og vinna með lýsingarorð, sagnorð og töluorð.

Námsgögn

Málrækt 2, Orðspor 2 (lesbók og vinnubók), Annar smellur, Benjamín dúfa, Villulausar æfingar (blöð), ritunarrammi, Stoðkennarinn og ýmis önnur verkefni tengd öðrum námsgreinum.

STÆRÐFRÆÐI

Menntagildi: Á miðstigi eflist skilningur nemenda á því hvernig stærðfræði tengist samfélaginu og daglegum verkefnum – frá því að reikna með peningum yfir í að skilja tölur í fréttum. Þau læra að beita hugtökum og aðferðum stærðfræðinnar til að rökstyðja hugsun sína og setja fram eigin lausnir á skýran hátt. Þessi þjálfun styður við gagnrýna hugsun og eykur færni þeirra í að vinna úr upplýsingum og greina mynstur á kerfisbundinn hátt. Stærðfræði þjálfar nemendur í að fást við verkefni sem krefjast samvinnu, röksemdarfærslu og gagnrýnnar hugsunar. Hún veitir verkfæri til að tjá sig og skilja heiminn – á tungumáli sem er alþjóðlegt.

Kennarar: Ari Lár Valsson & Elínborg Herbertsdóttir

Þáttur:	Hæfniviðmið í stærðfræði:
Vinnulag stærðfræðinnar	Verkfæri og hlutbundin gögn: Nýtir sér töflureikni og önnur verkfæri til að flokka, rannsaka og finna lausn á stærðfræðilegum viðfangsefnum. Þróun aðferða: Þróar hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við reikning með ræðum tölum. Samvinna: Vinnur í samvinnu við aðra að þróun lausnaleyða og rannsóknarvinnu í stærðfræði. Vinnubrögð: Heldur utan um eigið nám og námsgögn, sýnir útreikninga og leiðréttir. Samræður og tjáning: Tjáir sig um stærðfræði og stærðfræðihugtök, útskýrir hugsun sína fyrir öðrum og spyr spurninga til að leita lausna. Sannanir: Metur hvort sönnun eða einföld rök byggð á stærðfræðilegum eiginleikum séu gild. Kynningar: Undirbýr og flytur kynningar á eigin vinnu með stærðfræði. Táknmál og hugtök: Notar rétt heiti yfir stærðfræðitákn og yfirfærir milli daglegs máls og stærðfræðilegrar framsetningar við túlkun orðadæma. Þrautalausnir: Leysir stærðfræðiþrautir og rökstyður svör sín. Margföldunartöflur: Fer með 0x-12x margföldunartöflurnar utanbókar.
Tölur og reikningur	Talnalína: Raðar ræðum tölum eftir stærð og staðsetur á talnalínu. Námundun: Námundar að ákveðnum sætum í tugakerfinu. Sætiskerfi: Notar tugakerfisrithátt, sýnir skilning á sætiskerfi við ritun tugabrota og getur margfaldað og deilt tugabrotum með 10 og 100. Frumtölur: Getur fundið og útskýrt frumtölur. Hugarreikningur: Áætlað svar og leysir dæmi í huganum. Margföldun og deiling: Leysir margföldunar- og deilingardæmi úr 0x-12x töflunum og gerir sér grein fyrir tengslum margföldunar og deilingar. Blaðreikningur – Samlagning og frádráttur: Setur upp og reiknar samlagningar- og frádráttardæmi.

	Blaðreikningur - Margföldun: Setur upp margföldunardæmi og margfaldar með tveggja stafa tölu. Blaðreikningur - Deiling: Setur upp og reiknar deilingardæmi. Tugabrot: Setur upp og reiknar dæmi með tugabrotum. Neikvæðar tölur: Leggur saman og dregur frá með negatífum tölum. Almenn brot - Lenging og stytting: Lengir, styttrir og fullstyttrir brot. Almenn brot - Samlagning og frádráttur: Leggur saman og dregur frá með samnefndum brotum. Almenn brot - Samnefnari: Finnur samnefnara, leggur saman og dregur frá með ósamnefndum brotum. Almenn brot - Margföldun: Margfaldar saman heila tölu og almenn brot. Almenn brot - Heild: Finnur heildina út frá broti. Prósent og tugabrot: Breytir milli tugabrota og prósentu. Prósent og almenn brot: Breytir milli einfaldr almennra brota og prósentu. Prósent af heild: Reiknar 1%, 10%, 25%, 50% og 100% af heild. Fjármál: Getur útskýrt helstu hugtök persónulegra fjármála og nýtt stærðfræði til að leysa fjármálatengd verkefni.
Algebra	Talnarunur: Kannar, lýsir og ályktar út frá talnarunum og rúmfræðilegum mynstrum. Jöfnur: Leysir einfaldar jöfnur með einni óþekktri stærð með vogarskálaraðferðinni. Prófun lausnar: Getur metið hvort lausn jöfnu sé rétt með því að setja lausnina aftur inn í jöfnuna. Algebru-orðadæmi: Getur sett upp einfaldar stærður og jöfnur út frá orðadæmum. Hnitakerfi: Notar hnit til að lýsa staðsetningu og hreyfingu í hnitakerfi.
Rúmfræði og mælingar	Rúmfræðiform: Getur nefnt og lýst helstu eiginleikum tvívíðra og þrívíðra rúmfræðiforma. Horn: Getur nefnt og gert grein fyrir tegundum horna. Hornastærðir: Notar gráðuboga til að mæla og teikna horn. Mælingar: Áætla og mælir massa, lengd, rúmmál, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða og dregur ályktanir af mælingunum. Mælieiningar: Notar viðeigandi mælieiningu og skiptir milli mælieininga metrakerfisins. Ummál: Áætla, mælir og reikna ummál marghyrninga. Flatarmál: Áætla, mælir og reikna flatarmál ferhyrninga og þríhyrninga. Yfirborðsflatarmál: Mælir og reikna yfirborðsflatarmál ferstrendinga. Rúmmál: Mælir og reikna rúmmál ferstrendinga. Mælikvarði - teikningar: Notar mælikvarða til að reikna út stærðir og til að stækka og minnka myndir. Mælikvarði - Kort: Notar mælikvarða til að reikna út fjarlægðir og búa til einföld kort og vinnuteikningar. Tími: Breytir milli ólíkra tímaeininga og reikna út tímalengd, upphafs- eða lokatíma út frá tímasetningum. Rúmfræði-teikningar: Rannsakar, gerir tilraunir og teikningar með því að nota rúmfræðiforrit og hlutbundin gögn.

Tölfræði og líkindi	Tölfræðikannanir: Framkvæmir einfaldar tölfræðikannanir, raðar og flokkar upplýsingar, og setur fram niðurstöður í formi taflna og myndrita. Tölfræðihugtök: Finnur tíðasta gildi, miðgildi og meðaltal. Töflur og myndrit: Les, útskýrir og túlkar gögn og upplýsingar sem gefnar eru í töflum og myndritum. Líkindatilaunir: Metur líkur út frá einföldum tilraunum og ber saman við fræðilegar líkur. Samsetning safns: Notar úrtak úr safni til að segja til um samsetningu þess. Líkindareikningur: Reiknar út líkur í einföldum tilvikum og skráir sem almennt brot eða prósent.
---------------------	--

Kennsluhættir

Í stærðfræðinámi 6.bekkjar er lögð mikil áhersla á að nemendur læri vönduð vinnubrögð og beri ábyrgð á eigin námi. Í því felst meðal annars að þeir glósi mikilvægar upplýsingar í leiðarbækur og læri að setja dæmi upp á skipulagðan hátt. Í kennslustundum er lögð áhersla á að nemendur læri bæði að leysa stærðfræði þrautir og verkefni á sjálfstæðan máta ásamt samvinnu við aðra nemendur. Verkefni og þrautir eru settar upp á þann máta að rökhugsun eflist og styrki vaxtarhugarfar þar sem nemendur gera sér grein fyrir að ekki gefast upp þótt verkefni þyngist. Kennt verður í lotum þar sem fengist er við ákveðna námsþætti í afmarkaðan tíma. Í upphafi lotu fá nemendur kennsluáætlun sem útlistar helstu verkefni lotunnar og tilgreinir þau hæfniviðmið sem stefnt er að þjálf.

Helstu verkefni skólaársins

Eftir hverja lotu fer fram námsmat og leitast er eftir því að hafa það fjölbreytt eftir fremstu megni við tækifæri má þar nefna para/hópverkefni, skýrslugerð, munnlegt próf, skrifleg próf, heimapróf og próf með gögnum.

Námsgögn

Stika 2A og 2B, kennslumyndbönd, ýmis gögn, vefmiðlar og fl.

ENSKA

Menntagildi: Nemendur á miðstigi byggja upp færni í að skilja og nota ensku í daglegum aðstæðum, bæði munnlega og skriflega. Þeir læra að tjá sig um einföld efni og þjálfast í hlustun, lestri og ritun. Þeir kynnast ensku sem lifandi samskiptatæki og fá innsýn í menningu og daglegt líf í enskumælandi löndum. Þannig eykst skilningur þeirra á fjölmenningu og virðingu fyrir ólíkum sjónarmiðum, auk þess sem þeir þjálfast grunn í tungumálanámi sem nýtist þeim víðar í framtíðinni.

Kennarar: Ari Lár Valsson & Eyrún Harpa Eyfells

Þáttur:	Hæfniviðmið í ensku:
Hlustun og áhorf	Frásagnir og kynningar: Skilur talað mál og frásagnir um efni tengt námi hans og daglegu lífi, bregst við þeim og nýtir sér í námi sínu. Fjöl- og myndmiðlar: Fylgir þræði í efni við hæfi á margvíslegum miðlum og nýtir í námi sínu. Hlustun: Hlustar eftir aðalatriðum, greinir þau og nýtir sér í námi sínu.
Lestur og lesskilningur	Greining aðalatriða: Finnur lykilupplýsingar í texta og nýtt sér í verkefnavinnu. Rauntextar: Skilur megininntak fræði- og rauntexta og vinnur úr efni þeirra. Bókmenntir: Les sér til gagns og ánægju einfaldar smásögur og skáldsögur og vinnið með efni þeirra. Aðrar námsgreinar: Les og skilur auðlesið efni og hugtök tengt öðrum námsgreinum. Orðaforði: Les og skilur texta við hæfi sem innihalda algengan orðaforða.
Samskipti	Óformlegt samtali: Tekur þátt í óformlegu samtali um áhugamál sín og daglegt líf. Almenn samskipti: Bjargar sér við algengar aðstæður og notar almennar kurteisis- og samskiptavenjur. Samræður: Notar málið til samskipta í kennslustundum og getur undirbúið, tekið og veitt viðtal.
Frásögn	Tjáning: Tjáir sig um reynslu sína og skoðanir og bregst við einföldum spurningum. Frásögn og kynning: Undirbýr og flytur frásögn eða kynningu og bregst við einföldum spurningum. Flutningur: Flytur tilbúið eða frumsamið efni, einn eða í félagi við aðra. Framsögn: Beitir málinu með nokkuð eðlilegum framburði og áherslum.
Ritun	Samfelldur texti: Skrifar texta af mismunandi gerðum með inntak og lesanda í huga. Endursögn: Skrifar einfalda texta um það sem hann hefur lesið, séð eða heyrt. Persónuleg reynsla: Lýsir atburðarás eða reynslu með orðaforða sem unnið hefur verið með. Skapandi ritun: Semur einfalda texta þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín. Málfræði og stafsetning: Beitir grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt og skapað samhengi í texta. Greinir: Notar ákveðinn og óákveðinn greini rétt í texta.

	Regluleg nafnorð: Beitir reglulegum nafnorðum í fleirtölu. Óregluleg nafnorð: Beitir óreglulegum nafnorðum í fleirtölu. Tölur: Gerir grein fyrir framtölum og raðtölum. Dagsetningar: Skrifar dagsetningar og ártöl. Persónufornöfn: Gerir grein fyrir persónufornöfnum og notað þau í texta. Eignarfornöfn: Gerir grein fyrir eignarfornöfnum og notað þau í texta. Sögnin to do: Notar do og does rétt í texta. Reglulegar sagnir: Beitir reglulegum sögnum í nútíð. Lýsingarorð: Stigbreytir lýsingarorðum.
Menningarlæsi	Samfélag: Sýnir að hann þekkir til ýmissa þátta sem einkenna menningu og daglegt líf í enskumælandi löndum. Fjölbreytileiki: Setur sig í spor fólks í enskumælandi löndum og gerir sér grein fyrir hvað er líkt eða ólíkt með hans eigin aðstæðum. Skyldleiki og afbrigði tungumála: Sýnir að hann áttar sig á skyldleika ensku við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra.

Kennsluhættir

Lögð verður áhersla á grunn í enskri málfræði og styrkingu á orðaforða. Nemendur kynnist mismunandi tegundum af textum. Lögð verður áhersla á endurtekningu orða og setningarmynda. Nemendur kynnist gagnsæjum orðum sem eru lík hvorum öðrum á íslensku og ensku. Leitast verður að styrkja menningarlæsi þar sem nemendur kynnast umhverfi jafnaldra í enskumælandi löndum. kennsluhætti verður þannig að nemendur fá tækifæri að sýna hæfni sína á fjölbreyttan hátt þar á meðal er hlustun, framsögn, ritun og ýmis verkefnavinna. Símat sem byggir á fjölbreyttum verkefnum, umræðum og prófum ásamt leiðsagnarmati í formi munnlegra og skriflegra leiðbeininga og endurgjafa frá kennara jafnt og þétt yfir skólaárið.

Helstu verkefni skólaársins

Unnið með málfræðiæfingar, Famous person verkefni, Yes we can 6 símat og verkefni og horft á Billionaire boy og unnin Movie report.

Námsgögn

Enskar málfræðiæfingar B, Yes We Can 6, Wizard of Oz lesbók, kvikmyndin Billionaire boy byggð á bók eftir David Walliams.

NÁTTÚRUGREINAR

Menntagildi: Á miðstigi dýpka nemendur skilning sinn á náttúru, efnafræði, eðlisfræði og lífríki. Þeir læra að safna gögnum, bera saman niðurstöður og draga ályktanir um orsakir og tengsl. Námið styrkir röksemdafærslu, athugul vinnubrögð og virðingu fyrir lífi og umhverfi. Nemendur fá innsýn í hvernig vísindaleg þekking verður til og hvernig hún nýtist í samfélaginu. Þeir æfa sig í að hugsa gagnrýnið og taka upplýsta afstöðu til mála sem tengjast náttúru og tæknivæðingu.

Kennarar: Ari Lár Valsson & Elínborg Herbertsdóttir

Þáttur:	Hæfniviðmið í náttúrugreinum:
Vinnulag náttúruvísinda	Hugtök: Beitir algengustu hugtökum og heitum í náttúruvísindum við athuganir, í umræðu og textaskrifum. Læsi: Les náttúruvísindatexta sér til gagns og endursegir með eigin orðum, túlkar myndrit og skoðar myndefni um náttúrufræði, umorðar og nýtir til útskýringa. Athuganir: Framkvæmir, skráir og safnar upplýsingum út frá einföldum athugunum og mælingum úti og inni samkvæmt fyrirmælum. Miðlun: Kynnir niðurstöður rannsókna, útskýrir hvaða vinnubrögðum var beitt og tekur þátt í umræðum um efnið. Vísindaleg vinnubrögð: Þekkir ferli vísindalegra vinnubragða og vinnur eftir þeim í stýrðum verkefnum. Eðli vísindalegrar þekkingar: Ræðir muninn á staðreynd og skoðun, tilgátu og kenningu í tengslum við náttúruvísindi. Tengsl vísinda, tækni og menningar: Ræðir valin dæmi um samspil tækni, þekkingar og framfara og hvernig hugmyndir manna um heiminn hafa breyst með aukinni þekkingu.
Umhverfið	Hringrásir efna og orku: Lýsir samspili lífvera og lífvana þátta. Vistkerfi: Lýsir mismunandi vistkerfum og nefnir dæmi um áhrif sem nýjar tegundir geta haft á umhverfi sitt. Líffræðileg fjölbreytni: Áttar sig á gildi líffræðilegrar fjölbreytni og tengslum við velferð manna og dýra. Náttúruvernd: Ræðir um og skilur ástæðu náttúruverndar. Veðurfar: Lýsir helstu sérkennum veðurfars á Íslandi. Loftslagsbreytingar: Útskýrir gróðurhúsaáhrif og tengsl við loftslagsbreytingar. Náttúruauðlindir og sjálfbær nýting: Áttar sig á mikilvægi þess að nýta náttúruauðlindir án þess að ganga um of á þær. Einstaklingurinn og umhverfið: Ræðir valin dæmi um tengsl einstaklinga, nærumhverfis og umhverfismála á heimsvísu. Geta til aðgerða: Skipuleggur og tekur þátt í aðgerðum er varðar náttúruvernd og umhverfismál í nærumhverfi sínu.
Lífið	Upplifun af náttúrunni: Lýsir reynslu sinni, athugun og upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi. Flokkun og lífsskilyrði lífvera: Útskýrir helstu einkenni og lífsskilyrði lífvera og tekur dæmi um tengsl þeirra innbyrðis. Örverur: Nefnir dæmi um gagn og skaðsemi örvera. Frumur: Áttar sig á að frumur eru grunneining lífs á jörðinni.

	Þróun: Nefnir dæmi um náttúruval og aðlögun. Erfðir: Skilur að lífverur erfa einkenni forfeðra sinna. Plöntur: Segir frá hvernig plöntur nýta ljóstillífun til að afla næringar. Sveppir: Segir frá rotverum og hvernig sveppir afla næringar. Dýr: Segir frá einkennum helstu hópa dýra. Mannslíkaminn: Lýsir helstu líffærakerfum mannslíkamans og starfsemi þeirra í grófum dráttum. Kynheilbrigði: Lýsir breytingum sem verða við kynþroskaaldur og gerir sér grein fyrir mikilvægi gagnkvæmrar virðingar í samskiptum kynjanna. Heilsa: Ræðir hvernig einstaklingur getur stuðlað að líkamlegu og andlegu heilbrigði.
Efnin	Uppbygging efna: Útskýrir að allt er búið til úr frumeindum og sameindum. Varðveisla massa: Nefnir dæmi um varðveislu massa og tengt við hversdagslega atburði. Lotukerfið: Notar algeng efnatákn í umfjöllun um lotukerfið og efni í umhverfi sínu. Efnajöfnur: Þekkir algengar formúlur efnasambanda sem birtast í daglegu lífi. Efnabreytingar: Gerir grein fyrir efnabreytingum og hamskiptum og útskýrir með dæmum. Leysni: Fjallar um hugtakið leysni og tengt við athafnir í daglegu lífi. Sýrustig: Þekkir muninn á sýru og basa.
Orkan	Orka: Lýsir helstu orkuformum og einföldum dæmum um varðveislu orkunnar. Nýting orku: Ræðir dæmi um framleiðslu og nýtingu á orku í daglegu lífi. Varmi: Sýnir skilning á hugtökunum varmi og hitastig og tengir þau við daglegt líf. Rafmagn og segulmagn: Lýsir eiginleikum segla og notkun þeirra og kannar eiginleika rafhlaðinna hluta. Rafrásir: Framkvæmir einfaldar athuganir á rafrásum og útskýrir hvernig rafmagn verður til. Bylgjur: Lýsir eiginleikum hljóðs og ljóss og ýmsum fyrirbærum með tilliti til hljóðs og lita. Gagn og skaðsemi bylgna: Ræðir um gagnsemi og hættur við helstu bylgjur í nærumhverfinu. Kraftar og hreyfing: Þekkir og getur fjallað um hreyfingu og einfaldar tegundir krafta. Massi: Áttar sig á muninum á massa og rúmmáli og helstu mælieiningum þessara eiginleika.
Alheimurinn	Jörðin: Útskýrir árstíðirnar og dægraskipti út frá stöðu jarðar í sólkerfinu. Mótun lands: Lýsir hvernig náttúruöfl hafa áhrif á myndun og mótun lands. Hamfarir: Lýsir helstu einkennum náttúruhamfara sem búast má við á Íslandi og hvernig viðbrögð við þeim eru skipulögð. Tunglið: Lýsir gangi tunglsins um jörðina. Sólkerfið: Gerir grein fyrir uppbyggingu sólkerfisins. Alheimurinn: Getur gert grein fyrir staðsetningu jarðarinnar í vetrarbrautinni.

Kennsluhættir

Kennsla í náttúruvísindum er lotuskipt og að hluta samþætt við aðrar námsgreinar. Í upphafi hvernar lotu fá nemendur yfirlit yfir markmið og skipulag. Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og leiðsagnarnám. Námsmat fer fram í hverri lotu og reynt að hafa það eins fjölbreytt og kostur er til að mynda með einstaklingsverkefnum, para/hópverkefni og könnunum með og án gagna.

Helstu verkefni skólaársins

Unnið með plöntur, uppbyggingu efna, ýmis líffærakerfi, heilbrigði, náttúruauðlindir, framleiðslu orku, nýtingu hennar, loftlagsbreytingar og bylgjur hljóðs og ljóss.

Námsgögn

Náttúrulega 1, 2 og 3, Auðvitað bækurnar, ýmis gögn, vefmiðlar og fleira.

SAMFÉLAGSGREINAR

Menntagildi: Samfélagsgreinar á miðstigi efla skilning nemenda á umhverfi, samfélagi og sögu, bæði innanlands og á heimsvísu. Nemendur skoða hvernig fólk býr, lifir og tekur ákvarðanir – og hvaða áhrif þær ákvarðanir hafa á náttúru, efnahag og samfélag. Þeir læra að vinna með upplýsingar, ígrunda gildi og viðhorf, og taka þátt í umræðum með virðingu og gagnrýni. Námið styður við lýðræðislega þátttöku og meðvitund um réttindi, skyldur og fjölbreytileika samfélagsins.

Kennarar: Ari Lár Valsson & Elínborg Herbertsdóttir

Þáttur:	Hæfniviðmið í samfélagsgreinum:
Vinnulag samfélagsgreina	Hugtök: Notar og getur útskýrt mikilvæg hugtök samfélagsgreina. Upplýsingalæsi: Aflar sér upplýsinga um samfélagsleg málefni úr textum, hljóð- og myndefni, umorðar og nýtir til umfjöllunar. Skoðanamyndun: Metur og bregst við ólíkum skoðunum og upplýsingum úr heimildum á ólíku formi og myndar sér eigin skoðanir. Gagnrýnar umræður: Spyr opinna spurninga og tekur þátt í umræðu um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga. Setja sig í spor annarra: Setur sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum. Miðlun: Miðlar þekkingu, leikni og skoðunum á samfélagslegum málefnum á fjölbreyttan hátt. Lýðræðislegt samstarf: Tekur þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.
Sjálfsmynd	Félagsmótun: Lýsir sjálfum sér og tekur dæmi um þætti sem hafa áhrif á eigin sjálfsmynd, svo sem úr nærsamfélagi, umhverfi og menningu. Þarfir: Ræðir um heilbrigða lífshætti og samskipti og ræktar mikilvægar þarfir. Tilfinningar: Getur lýst margvíslegum tilfinningum og áttar sig á áhrifum þeirra á hugsun og hegðun. Hugarfarar: Lýsir með dæmum mikilvægi jákvæðra lífsviðhorfa, hugarfars og seiglu fyrir eigin þroska. Sjálfsþekking: Gerir grein fyrir eigin áhugasviðum, styrk og áskorunum og hvernig hægt er að vinna með þá þætti á uppbyggilegan hátt. Virðing: Sýnir virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, setur sér mörk í samskiptum og getur lýst því hvernig það er hægt. Staðalmyndir: Lýsir staðalmyndum og fordómum í samfélaginu og áhrifum þeirra og áttar sig á skaðsemi þeirra. Kynjafræði: Beitir hugtökunum kyn, kynhneigð og kynhlutverk og áttar sig á fjölbreytni hinseginleikans. Fjármál einstaklings: Gerir grein fyrir útgjöldum vegna þarfa, langana og hegðunar einstaklinga og mikilvægi fyrirhyggju í fjármálum.
Siðferði og trú	Virðing fyrir fjölbreytileika: Dregur fram ólíkan bakgrunn fólks og virðir mismunandi trú, lífsgildi, skoðanir og siði. Trú og lífsviðhorf: Ræðir viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og setur í samhengi við atburði daglegs lífs.

	Trúarbrögð: Gerir grein fyrir völdum frásögnum, hefðum, hátíðum, siðum og táknum í kristni og nokkrum helstu trúarbrögðum heims. Áhrif trúarbragða: Ber saman valin trúarbrögð og lífsviðhorf og áhrif þeirra á líf fólks.
Borgaravitund	Reglur: Ræðir reglur í samskiptum fólks og tilgang þeirra og tekur þátt í að setja sameiginlegar reglur með öðrum. Mannréttindi: Ræðir um stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og skyldur og mikilvægi mannréttinda og jafnréttis í samfélaginu og á heimsvísu og þekkir vel til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Samfélagsgerð: Fjallar um ólíkar samfélagsgerðir og hvernig þær tengjast lífi einstaklinga. Lýðræði: Lýsir einkennum lýðræðislegra samfélagshátta hér á landi. Stjórnkerfi: Gerir sér grein fyrir hlutverki mikilvægra stofnanna samfélagsins. Velferðarsamfélag: Gerir grein fyrir hugmyndum um sam hjálp og velferð og framkvæmd þeirra í samfélaginu. Samneysla: Áttar sig á hvernig og hvers vegna kostnaður við ýmsa grunnþjónustu er greiddur af sameiginlegum sjóðum samfélagsins. Slysavarnir: Sér gildi slysavarna og þekkir viðbrögð við slysum í heimahúsum, nærsamfélagi og náttúrunni. Umferðarreglur: Gerir sér grein fyrir umferðarreglum og helstu umferðarmerkjum og nýtir í daglegu lífi. Geta til aðgerða: Setur sig inn í málefni samfélagsins, áttar sig á möguleikum til áhrifa og sýnir það í verki með ábyrgum hætti.
Saga	Sögulegar heimildir: Metur heimildir og ólík sjónarhorn í umfjöllun um sögu og samtíð. Fjölskyldan: Gerir sér grein fyrir fjölbreytileika fjölskyldna og margvíslegum hlutverkum innan þeirra á ólíkum tímum. Heimabyggð: Greinir samhengi umhverfis, sögu, menningar og mannlífs í heimabyggð og tengsl við önnur landsvæði. Íslandssaga: Fjallar um einkenni og þróun íslensks samfélags. Mannkynssaga: Fjallar um og greinir persónur, atburði, tímabil, tildrög og gang heimssögunnar. Söguleg þróun: Áttar sig á að sagan hefur mótast af ýmsum þáttum, svo sem umhverfi, atferli, lífsviðhorfum, samfélagsskipulagi og atvinnuháttum. Áhrif sögu á samtímann: Útskýrir með dæmum hvernig sögulegir atburðir hafa áhrif á samfélög og líf fólks í samtímanum.
Jörðin okkar	Kortalæsi: Notar kort og gröf til að afla sér upplýsinga og vinna úr þeim. Kortagerð: Setur upp einföld kort. Samfélög: Varpar ljósi á ólíkar aðstæður, menningu og líf fólks á jörðinni. Auðlindir: Útskýrir hvernig notkun mannsins á auðlindum getur haft margvísleg áhrif á lífsgæði og lífbreytileika. Neyslusamfélagið: Lýsir í grófum dráttum ferli daglegra neysluvara, uppruna þeirra, flutningi, sölu, nýtingu, förgun, endurvinnslu og kolefnisspor. Áhrif mannsins: Skýrir með dæmum áhrif tækni og mannlegra athafna á samfélag, loftslag og umhverfi. Sjálfbær þróun: Fjallar um hvað sjálfbær þróun felur í sér. Ábyrgð á náttúruvernd: Skýrir með dæmum mikilvægi náttúruverndar og þess að allir leggi sitt af mörkum.

Kennsluhættir

Kennsla í samfélagsfræði er lotuskipt og að hluta samþætt við aðrar námsgreinar. Í upphafi hverrar lotu fá nemendur yfirlit yfir markmið og skipulag. Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og leiðsagnarnám. Námsmat fer fram í hverri lotu og reynt að hafa það eins fjölbreytt og kostur er til að mynda með einstaklingsverkefnum, para/hópverkefni og könnunum með gögnum.

Helstu verkefni skólaársins

Unnið með tilfinningar, hugarfar, lýðræði og slysavarnir, kortalæsi, samfélög, auðlindir og neylusamfélag í Evrópu, trúarlegar hefðir og sögulega þróun sem hefur haft áhrif á samtímann í Evrópu og víðar.

Námsgögn

Ég og sjálfsmyndin, Ég og samfélagið, Mannkynssaga fyrir börn og unglinga – ljósrituð hefti, Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna og fleira.

UPPLÝSINGA- OG TÆKNIMENNT

Menntagildi: Á miðstigi dýpkar skilningur nemenda á því hvernig upplýsinga er aflað, þær metnar og miðlað. Nemendur læra að nota fjölbreyttan tæknibúnað og hugbúnað til verkefnavinnu, gagnasöfnunar og kynninga. Þau þjálfar gagnrýna hugsun við upplýsingaleit og fá aukna meðvitund um öryggi, siðferði og samskipti á stafrænum vettvangi. Í gegnum skapandi verkefni og lausnaleit þjálfast þau í sjálfstæðum vinnubrögðum, samvinnu og notkun tækni á fjölbreyttan og ábyrgan hátt. Þau læra að vera virkir og ábyrgir þátttakendur í stafrænu samfélagi.

Kennari: Ingibjörg Jóhannsdóttir og Marteinn Einarsson

Þáttur:	Hæfniviðmið í upplýsinga- og tæknimennt:
Upplýsinga- og miðlalæsi	Nýting skólasafns: Nýtir skólasafn til þekkingaröflunar í stýrðu námi og á eigin forsendum til gagns og ánægju. Upplýsingaleit: Nýtir leitarvélar, gervigreind og önnur verkfæri á siðferðilega ábyrgan hátt til upplýsingaöflunar. Greining og úrvinnsla: Leggur mat á gæði ýmissa upplýsinga og áttar sig á fjölbreytileika stafræns efnis. Heimildanotkun: Vinnur með heimildir í samræmi við höfundarrétt og setur fram einfalda heimildaskrá.
Sköpun og miðlun	Kynningarefni: Nýtir hugbúnað við gerð margvíslegra kynninga. Ritvinnsla: Nýtir hugbúnað við uppsetningu ritunarverkefna samkvæmt viðmiðum um uppsetningu og frágang. Vinnsla tölulegra gagna: Nýtir töflureikni við gagnasöfnun og framsetningu á tölulegum gögnum. Ljósmyndir og kvikmyndun: Nýtir tæki og hugbúnað við ljósmyndun og stuttmyndagerð. Myndvinnsla og myndsköpun: Nýtir tæki og hugbúnað við einfalda hönnun, myndvinnslu og myndsköpun. Hljóðvinnsla: Valið og nýtt tæki og hugbúnað við fjölbreyttar upptökur og hljóðvinnslu.
Stafræn borgara-vitund	Jafnvægi í stafrænni notkun og vellíðan: Hugar að eigin heilsu og vellíðan við notkun stafrænnar tækni og gerir sér grein fyrir mikilvægi jafnvægis í skjá tíma. Friðhelgi og öryggi: Gerir sér grein fyrir mikil-vægi þess að vernda persónuupplýsingar og friðhelgi einkalífs í stafrænu umhverfi og áttar sig á hverjum sé hagur af því að safna stafrænum upplýsingum. Stafrænt fótspor og auðkenni: Ræðir og útskýrir að öll netnotkun einstaklinga skilur eftir sig spor í stafrænu umhverfi til langframa. Virðing í stafrænu umhverfi: Gerir sér grein fyrir helstu hættum í stafrænu umhverfi og þekkir vel ólíkar leiðir til að tilkynna ólöglegt og vafasamt efni á netinu og að samfélagsmiðlar hafa áhrif á samskipti. Samskiptareglur, orðræða og virðing í stafrænum samskiptum: Nefnir helstu netöryggis- og samskiptareglur og tekur ábyrgð á eigin nethegðun og beitir leiðum til að vernda sig og aðra fyrir neteinelti.

Lausnaleit	Stafrænn stuðningur: Nýtir stafrænan stuðning í námi. Varðveisla gagna: Flokkar og vistar gögn á öruggan hátt og skilar verkefnum rafrænt til kennara. Tölvur og snjalltæki: Nýtir mismunandi tegundir tölva, snjalltækja og jaðartækja til menntunar. Örtölvur: Nýtir sér örtölvur til að stýra einföldum aðgerðum. Forritun: Þekkir til helstu forritunarhugtaka og getur leyst þrautir með því að nota breytur, skilyrði og lykkjur. Notkun hugbúnaðar og tækja við forritun: Nýtir hugbúnað og tæki til að leysa fjölbreyttar þrautir með forritun.
	Hæfniviðmið í lykilhæfni:
Lykilhæfni (þverfagleg hæfni)	Sjálfstæð vinnubrögð: Fylgt leiðbeiningum og sýnt frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð í vinnubrögðum. Samstarf: Unnið vel með öðrum og tekið virkan og jákvæðan þátt í samstarfi. Sköpun: Leyst fjölbreyttar áskoranir á skapandi hátt.

Kennsluhættir

Nemendur vinna fjölbreytt verkefni eftir rafrænum leiðbeiningum á chromebook tölvum og ipöðum. Flest verkefnin eru einstaklingsvinna en nemendur vinna saman í hóp að myndbandsverkefni. Kennslan er að hluta til samþætt við aðrar greinar, sérstaklega hæfniviðmið sem snúa að ritvinnslu, kynningum og heimildaskráningu.

Helstu verkefni skólaársins

Í 6. bekk læra nemendur betur á ýmis google forrit, vinna myndbandsverkefnið Nýr Jólasveinn ásamt verkefnavinnu á code.org og Microsoft Make Code tengt BBC microbit.

Námsgögn

Chromebook tölvur, ipadar og BBC microbit.

ÍÞRÓTTIR

Menntagildi: Á miðstigi fá nemendur dýpri innsýn í mikilvægi heilsueflingar og hreyfingar fyrir líkamlega, andlega og félagslega vellíðan. Þeir læra að setja sér einföld markmið í íþróttum og heilsurækt, temja sér heilbrigðan lífsstíl og taka þátt í fjölbreyttum íþróttum, bæði innan- og utandyra. Í gegnum samvinnu og keppni þjálfast félagsleg færni, virðing fyrir reglum og ábyrg hegðun í hópi. Kennslan stuðlar að því að styrkja seiglu og sjálfsaga nemenda, ásamt því að efla færni þeirra í skipulagningu, ákvarðanatöku og vellíðan í mismunandi hreyfiumhverfi.

Kennarar: Bjarki Már Árnason og Einar Guðberg Einarsson

Þáttur:	Hæfniviðmið í íþróttum:
Líkamsvitund, færni og afkastageta	Þol: Gerir æfingar sem reyna á loftháð þol í íþróttum. Styrkur: Gerir æfingar með eigin líkamsþyngd sem reyna á styrk og stöðugleika. Liðleiki: Gerir æfingar sem reyna á liðleika og hreyfigetu. Samhæfing: Sýnir útfærslu hreyfinga þannig að þær renni vel saman. Taktur: Gerir einfaldar rytmískar æfingar og fylgt takti. Hópiþróttir: Tekur þátt í mismunandi hópiþróttagreinum. Einstaklingsíþróttir: Tekur þátt í einstaklingsíþróttum. Stöðluð próf: Nýtir sér stöðluð próf í íþróttum til að meta eigið þrek og hreysti.
Félagslegir þættir	Tilfinningar: Skilur mikilvægi jákvæðra samskipta og sýnir virðingu og sjálfsaga í daglegum samskiptum, hegðun og umgengni. Ástundun: Skilur mikilvægi ástundunar, stundvísi, aga og sjálfstæðra vinnubragða í tengslum við góðan árangur. Leikir: Tekur þátt og sýnir virkni í leikjum. Leikreglur: Þekkir helstu leikreglur í leikjum, hóp- og einstaklingsíþróttum. Háttvísi: Fer eftir leikreglum og sýnir háttvísi í leik og íþróttum.
Heilsa og heilsuefling	Útivist: Tekur þátt í útivist í mismunandi aðstæðum, velur og notar viðeigandi fatnað og varast hættur sem fylgt geta.
Öryggi og hreinlæti	Öryggisreglur: Gerir sér grein fyrir mikilvægi helstu öryggis- og umgengnisreglna og veit hvernig bregðast á við óhöppum. Hreinlæti: Skilur mikilvægi eigin ábyrgðar á hreinlæti og heilbrigði við alla íþróttaiðkun.
	Hæfniviðmið í lykilhæfni:

Lykilhæfni (þverfagleg hæfni)	Framkoma: Fer eftir fyrirmælum og biður um aðstoð eftir þörfum. Leiðsögn: Nýtir sér leiðsögn og endurgjöf til að ná námsmarkmiðum. Samvinna: Vinnur vel með ólíkum einstaklingum og getur mætt öðrum með umburðarlyndi að leiðarljósi.
-------------------------------------	---

Kennsluhættir

Það er nýtt þema í hverri viku t.d. mismunandi hóp- og einstaklingsíþróttir. Leitast er við að nemendur fái að prófa sem fjölbreyttasta hreyfingu, bæði leiki og ýmsar íþróttagreinar.

Helstu verkefni skólaársins

Símat er yfir árið en matið byggist bæði á ástundun og virkni í tímum sem og prófum úr þoli, styrk, liðleika og samhæfingu.

Kennslugögn

Nemendur eiga að mæta í viðeigandi íþróttafatnaði og íþróttaskóm ef þau vilja.

SKÓLASUND

Menntagildi: Á miðstigi verður sundiðkun markvissari og nemendur dýpka skilning sinn á mikilvægi hreyfingar fyrir heilsu og vellíðan. Þeir þjálfast í fjölbreyttum undaðferðum og fá tækifæri til að bæta þol sitt, styrk og tækni í vatni. Einnig læra þeir um öryggisreglur, björgunartækni og grunnatriði skyndihjálpar í vatni. Sundkennsla stuðlar að sjálfsöryggi, ábyrgð og jákvæðu viðhorfi til hreyfingar og heilbrigðra lífshátta.

Kennari: S. Bergþór Magnússon og Einar Einarsson

Þáttur:	Hæfniviðmið í skólasundi:
Sund	Þolsund: Syndir 200 metra þolsund á tíma. Bringusund á tíma: Syndir 50 metra bringusund á tíma. Skriðsund á tíma: Syndir 25 metra skriðsund á tíma. Skólabaksund - stílsund: Syndir 50 metra skólabaksund, stílsund. Baksund - stílsund: Syndir 25 metra baksund, stílsund. Skriðsund - stílsund: Syndir 25 metra skriðsund, stílsund. Æfingar: Gerir æfingar sem reyna á loftháð og loftfirrt þol. Kafsund: Sýnir leikni og syndir 8 metra kafsund viðstöðulaust. Björgunarsund: Syndir 12 metra björgunarsund með jafningja
Félagslegir þættir	Ástundun: Skilur mikilvægi góðrar ástundunar, stundvísi, aga og sjálfstæðra vinnubragða í tengslum við góðan árangur.
Heila og heilsuefling	Stöðluð próf: Tekur þátt í og nýtir sér stöðluð próf í sundi til að meta eigið þrek og hreysti.
Öryggi og hreinlæti	Öryggisreglur: Gerir sér grein fyrir mikilvægi helstu öryggis- og umgengnisreglna og bregst við óhöppum. Skyndihjálpar: Þekkir til grunnatriða skyndihjálpar og björgunar úr vatni og sjó. Hreinlæti: Fundið til eigin ábyrgðar á hreinlæti og heilbrigði við alla íþróttaiðkun.
	Hæfniviðmið í lykilhæfni:
Lykilhæfni (þverfagleg hæfni)	Fyrirmæli: Fer eftir fyrirmælum og biður um aðstoð eftir þörfum. Framkoma: Skilur mikilvægi jákvæðra samskipta og sýnir virðingu og sjálfsaga í daglegum samskiptum, hegðun og umgengni.

Kennsluhættir

Verkleg kennsla.

Helstu verkefni skólaársins

Símat og próf.

Kennslugögn

Sundbolir og aðþrengdar sundskýlur, sundgleraugu eru í boði.

LISTGREINAR - SJÓNLISTIR

Menntagildi: Nemendur þróa með sér tæknilegri færni og læra að nýta fjölbreytt efni, aðferðir og hugmyndir við myndsköpun. Þeir læra að vinna bæði sjálfstætt og í samvinnu, setja hugmyndir sínar fram með myndrænni tjáningu og útskýra ferlið. Þeir fá innsýn í sögu og menningu í gegnum listaverk og þjálfa meðvitaða áhorfshæfni og gagnrýna nálgun á sjónrænan heim.

Kennari: Thelma Björk Jóhannesdóttir

Þáttur:	Hæfniviðmið í sjónlistum:
Sköpun	Aðferðir og efni: Notar mismunandi efni, verkfæri, miðla og tækni, á skipulagðan hátt í eigin sköpun. Útfærsla og tækni: Nýtir sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun. Vinnuferli: Byggir eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknum og reynslu.
Greining og úrvinnsla	Umfjöllun og endurgjöf: Fjallar um eigin verk og annarra í samtali við aðra nemendur. Greining og samhengi: Greinir og fjallar um listaverk og áhrif myndmáls í umhverfinu og samfélaginu. Hugtök: Beitir hugtökum og heitum frumpátta og lögmála myndlistar sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni.
Menning og umhverfi	Aðferðir og nálgun: Greinir, ber saman og metur aðferðir við gerð margs konar myndlistar og hönnunar. Stefnur og straumar: Þekkir og getur gert grein fyrir völdum verkum íslenskra og erlendra listamanna, lýst þeim og greint og fjallað um ýmsar stefnur myndlistar með því að bera saman stíla og tímabil tiltekinna verka.
	Hæfniviðmið í lykilhæfni:
Lykilhæfni (þverfagleg hæfni)	Lært af mistökum: Lærir af mistökum og sér möguleika til framfara.

Kennsluhættir

Fjölbreyttir kennsluhættir með sýnikennslu sem stuðla að því að efla sjálfstæð vinnubrögð nemenda. Stuttir fyrirlestrar um listasögu og grunn lögmál lista.

Helstu verkefni skólaársins

Litafræði, formfræði og fagurfræðileg skoðun á myndlist, skoðum m.a. verk eftir Finn Jónsson og Jóhönnu Kristínu Yngvadóttur. Skoðum impressjón málverk og málum mynd í þess tímabils anda. Kynnum okkur Vincent van Goch og skoðum prentverk og grafík.

Námsgögn

Helstu verkfæri myndlista, blý, trélitir, tússlitir, þekjulitir, vatnslitir, olíupastel, lím, frauðplast og grafík-verkfæri. Sjónarafl – þjálfun í myndlæsi.

VERKGREINAR - HEIMILISFRÆÐI	
Menntagildi: Á miðstigi öðlast nemendur hagnýta þekkingu og færni í eldamennsku, næringarvali, þrifum og rekstri heimilis. Þeir læra að taka ábyrgð á eigin verkum og samvinnu við aðra, meta áhrif neyslu og ákvarðana á heilsu og umhverfi. Nemendur verða meðvitaðri um sjálfbæra lifnaðarhætti og finna fyrir sjálfsöryggi í heimilishaldi og við eldamennsku. Kennari: Íris Dögg Steinsdóttir	
Þáttur:	Hæfniviðmið í heimilisfræði:
Verklag	Matreiðsla: Matreiðir einfaldar og hollar máltíðir út frá ráðleggingum um mataræði frá embætti landlæknis. Vinnubrögð: Vinnur sjálfstætt eftir uppskriftum og notar til þess algengustu mæli- og eldhúsáhöld og skilur gildi viðeigandi frágangs. Vinnuvernd: Greinir frá helstu orsökum slysa við eldhússtörf og hvernig má koma í veg fyrir þau.
Lífshættir	Lífshættir: Tjáir sig um heilbrigða lífshætti eins og næringu, hreyfingu og svefn. Næring: Skilur og getur tjáð sig á einfaldan hátt um aðalatriði ráðlegginga um mataræði frá embætti landlæknis. Hreinlæti: Öðlast færni í hreinlæti og þrifum tengdu matreiðslu. Kostnaður: Gerir sér grein fyrir helstu kostnaðarliðum við heimilishald.
Menning og umhverfi	Umhverfi: Setur viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við jafnrétti og sjálfbærni og áttar sig á uppruna helstu matvæla. Menning: Tjáir sig um þjóðlegar íslenskar hefðir í matargerð. Kolefnisspor: Áttar sig á gildi þess að neyta matvæla með sem minnst kolefnaspor.
	Hæfniviðmið í lykilhæfni:
Lykilhæfni (þverfagleg hæfni)	Sjálfstæði: Sýnir frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum. Samstarf: Vinnur vel með öðrum og leggur sitt af mörkum í samstarfi. Framkoma: Sýnir ábyrgð og virðingu í daglegum samskiptum, hegðun og umgengni.

Kennsluhættir

Nemendur vinna tveir og tveir saman, kennari velur í hóp. Lagt er áherslu á fjölbreyttan og hollan mat í matseld, einnig vinnum við með þrif og góða umgengni.

Helstu verkefni skólaársins

Nemendur vinna eftir uppskriftum sem settar eru fyrir í hverjum tíma, við vinnum með holl og góð matvæli, en einnig bökum við kökur og vinnum með gerdeig.

Námsgögn

Gott og gagnlegt 2

VERKGREINAR – HÖNNUN OG SMÍÐI

Menntagildi: Nemendur læra að hanna og smíða hluti með ákveðnum tilgangi, nota fjölbreytt verkfæri og efni og þjálfa verklag, nákvæmni og öryggi. Þeir læra að vinna eftir eigin hugmyndum og með öðrum, greina þarfir og meta lausnir. Námið örvar sjálfstæði, samvinnu og sköpunargleði og þjálfar gagnrýna og tæknilega hugsun.

Kennari: Jana María Sól Guðmundsdóttir

Þáttur:	Hæfniviðmið í Hönnun og smíði:
Verklag	Verkfæri: Þekkir ýmis verkfæri og mælitæki sem notuð eru í formun smíðaeigna og getur útskýrt virkni þeirra. Efnisval: Þekkir algengustu smíðaeigni og getur útskýrt rétta notkun og eiginleika þeirra. Smíðaaðferðir: Framkvæmir algengustu aðgerðir festinga og útskýrir notkun þeirra. Vinnuvernd: Getur útskýrt réttar vinnustellingar, valið viðeigandi hlífðarbúnað og gerir sér grein fyrir samhengi góðrar umgengni og öryggisþátta.
Sköpun, hönnun og tækni	Vinnuteikning: Getur útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu. Vinnuferli: Getur lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð. Orka og tækni: Hannar og smíðar verkefni sem nýtir orkugjafa og lýsir því hvaða virkniþættir eru að verki í ýmsum hlutum. Tæknilæsi: Lýsir því hvernig tæknin birtist í nánasta umhverfi og almennt í samfélaginu. Samfélag: Greinir þarfir í umhverfi sínu og getur rætt mögulegar lausnir.
Menning og umhverfi	Umhverfisvitund: Gerir sér grein fyrir hvort efni séu hættuleg og hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til í smíðastofunni. Endurnýting: Gerir við og endurnýtir eldri hluti og lengir þar með líftíma þeirra. Menning: Getur greint og fjallað um handverk og hönnun í samhengi við sögu, samfélag og listir.
	Hæfniviðmið í lykilhæfni:
Lykilhæfni (þverfagleg hæfni)	Sjálfstæði: Sýnt frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Kennsluhættir

Fjölbreyttir kennsluhættir með sýnikennslu sem stuðla að því að efla sjálfstæð vinnubrögð nemenda.

Helstu verkefni skólaársins

Á skólaárinu vinna nemendur í 6. bekk að skapandi og hagnýtu verkefni þar sem þeir smíða **Lyklastand úr MDF**.

Námsgögn

Öll nauðsynleg námsgögn og efni eru veitt af kennara.

VERKGREINAR - TEXTÍLMENNT	
Menntagildi: Nemendur öðlast færni í fjölbreyttum textílaðferðum, frá útsaumi og þrjónaskap til sniðgerðar og notkunar saumaðferða. Þeir læra að velja efni og hanna með tilgang og notkun í huga. Þeir læra að skipuleggja vinnuferla og þróa með sér meðvitund um sjálfbærni í efnisnotkun og hönnun. Kennari: Erla Dröfn Vilbergsdóttir	
Þáttur:	Hæfniviðmið í textílmennt:
Verklag	Áhöld - Saumavél: Notar saumavél við einföld verkefni. Áhöld - Útsaumur: Beitir grunnaðferðum við útsaum. Efnisval: Vinnur úr fjölbreyttum textílefnum. Útfærsla: Vinnur með einföld snið og uppskriftir. Vinnuvernd: Þekkir mikilvægi viðeigandi líkamsstöðu og beitir líkamanum rétt við vinnu sína.
Sköpun, hönnun og tækni	Hugmyndavinna: Þróar eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli. Sköpun og skreyting: Notar fjölbreyttar aðferðir að eigin vali við skreytingu textílafurða. Hugtök: Útskýrir eigin verk og notar til þess hugtök greinarinnar. Miðlar: Nýtir helstu miðla til að afla upplýsinga um hugmyndavinnu, hönnun og útfærslu á þeim.
Menning og umhverfi	Endurnýting: Nýtir endurunnin efni textílvinnu og gerir grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum.
	Hæfniviðmið í lykilhæfni:
Lykilhæfni (þverfagleg hæfni)	Sjálfstæði: Sýnir frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum. Markmiðasetning: Setur sér persónuleg og námsleg markmið, ígrundar árangur og mistök. Lært af mistökum: Lærir af mistökum og sér möguleika til framfara.

Kennsluhættir

Á hverju tímabili vinna nemendur tvö til þrjú verkefni. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð, að nýta textílefnin vel og læra góða umgengni í textílmennt stofunni.

Helstu verkefni skólaársins

Helstu verkefnin í 6. bekk eru: Veski og bókamerki.

Námsgögn

Uppskriftabækur, uppflettirit, snið og fleira efni frá kennara.